

## REGLUGERÐ

### **um (8.) breytingu á reglugerð nr. 1221, 23. desember 2008, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC).**

#### 1. gr.

1. ml. 1. mgr. 4. gr. orðist svo:

Allar tilkynningar sem skylt er að senda samkvæmt reglugerð þessari skal senda á tölvutæku formi úr rafrænni afladagbók skipsins til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgsgæslunnar og Fiskistofu sem miðlar gögnum til þeirra stofnana sem við á.

#### 2. gr.

2. ml. 2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Þar til búnaðurinn verður kominn í lag skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu skipsins á 4 klukkustunda fresti til eftirlitsstöðvarinnar.

#### 3. gr.

3. mgr. 6. gr. orðist svo:

*Aflatilkynning:* Daglega skal tilkynna eftirlitsstöðinni um heildarafla síðasta sólarhrings, í síðasta lagi klukkan 12 UTC næsta dag eftir að veiðar hófust, miðað við afla upp úr sjó, sundurgreindan eftir tegundum. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „CAT“ sem aflatilkynning.
4. Kóði fyrir það veiðisvæði sem aflatilkynningin á við: „NEA“ fyrir NEAFC-samningssvæðið.
5. Kallmerki skipsins.
6. Númer veiðiferðar.
7. Staðsetning skipsins í gráðum og heilum mínútum (þarf ekki ef skipið er í sjálfvirku gervihnattaeftirliti).
8. Daglegt aflamagn í kg, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum. Sé engan afla að tilkynna skal senda „MZZ=0“.
9. Fjöldi veiðidaga frá upphafi veiða eða frá síðustu aflatilkynningu<sup>1</sup>.
10. Dagsetning og tími.

#### 4. gr.

4. mgr. 6. gr. orðist svo:

*Lokatilkynning:* Þegar veiðiskip yfirgefur samningssvæðið skal það tilkynnt eftirlitsstöðinni með ekki meiri en 8 klukkustunda og að minnsta kosti 2 klukkustunda fyrirvara. Jafnframt skal í tilkynningu tilgreindur áætlaður heildarafla frá því að veiðar hófust hafi dagleg aflatilkynning ekki verið send, en að öðrum kosti frá síðustu aflatilkynningu miðað við afla upp úr sjó, sundurliðaðan eftir tegundum og einnig löndunarhöfn. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „COX“ sem lokatilkynning.
4. Kóði fyrir það veiðisvæði sem aflatilkynningin á við: „NEA“ fyrir NEAFC-samningssvæðið.
5. Kallmerki skipsins.

---

<sup>1</sup> Fjöldi veiðidaga skal að jafnaði vera frá síðustu aflatilkynningu, en frá upphafi veiða ef þetta er fyrsta aflatilkynning.

6. Númer veiðiferðar.
7. Staðsetning skipsins í gráðum og heilum mínútum (þarf ekki ef skipið er í sjálfvirku gervihnattaeftirliti).
8. Aflamagn í kg frá síðustu aflatilkynningu eða komutilkynningu<sup>2</sup>, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum. Sé engan afla að tilkynna skal senda „MZZ=0“.
9. Fjöldi veiðidaga frá upphafi veiða eða frá síðustu aflatilkynningu<sup>3</sup>.
10. Löndunaráðn.
11. Dagsetning og tími.

5. gr.

„Aflatilkynning“ í viðauka II orðist svo:

## AFLATILKYNNING

Atriði:	Kóði:	Tegund:	Mesta lengd:	Form:	Athugasemdir:
Upphof skeytis	SR				<i>Kerfisupplýsingar:</i> Gefa til kynna upphaf skeytisins.
Viðtakandi	AD	Texti	3	ISO-3166	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Viðtakandi, „ISL“ fyrir Ísland.
Númer skeytis	SQ	Tala	6	1 - 999999	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Raðnúmer skeytisins vegna veiða á viðeigandi svæði á yfirstandandi ári.
Tegund skeytis	TM	Texti	3	Kóði	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Tegund skeytis „CAT“ sem aflatilkynning.
Viðeigandi svæði	ZO	Texti	3	Kóði	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Kóði fyrir það svæði þar sem aflinn er fenginn: „ISL“ fyrir íslenska lögsögu. „NEA“ fyrir NEAFC-samningssvæðið. „GRL“ fyrir fiskveiðilögsögu Grænlands.
Deilisvæði	RA	Texti	6	Kóði	<i>Athafnaupplýsingar:</i> „RCA“ eða „XRR“
Kallmerki	RC	Texti	7	IRCS kóði	<i>Skráningarupplýsingar:</i> Radiókallmerki skipsins.
Númer veiðiferðar	TN	Tala	3	001 - 999	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Raðnúmer veiðiferðar á yfirstandandi ári.
Lengd <sup>1)</sup>	LA	Texti	5	NDDMM (WGS-84)	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Breidd <sup>1)</sup>	LO	Texti	6	E/WDDDMM (WGS-84)	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Daglegur aflí	CA	Texti	3	Tegundakóði FAO	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Sundurliðaður aflí frá síðasta skeyti. (/CA/COD 2300 HAD 1700 RED 5500).
Tegund Magn		Tala	7	0 - 9999999	Tegundakóði FAO. Aflamagn upp úr sjó í kg, fært að næstu 100 kg. Sé engan afla að tilkynna skal senda „MZZ=0“.

<sup>2</sup> Aflamagn frá komutilkynningu á einungis við ef ekki hefur verið send dagleg aflatilkynning.<sup>3</sup> Fjöldi veiðidaga skal að jafnaði vera frá síðustu aflatilkynningu, en frá upphafi veiða hafi aflatilkynning ekki verið send.

Atriði:	Kóði:	Tegund:	Mesta lengd:	Form:	Athugasemdir:
Veiðidagar	DF	Tala	3	1 - 365	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Fjöldi veiðidaga á samningssvæðinu frá upphafi veiða eða frá síðustu aflatilkynningu <sup>4</sup> .
Dagur	DA	Tala	8	AÁÁÁMMDD	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Dagsetning sendingar.
Tími	TI	Tala	4	KKMM	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Tími sendingar.
Endir skeytis	ER				<i>Kerfisupplýsingar:</i> Gefa til kynna endi skeytisins.

1) Valfjáls ef skipið er í sjálfvirku gervihnattaefirliti samkvæmt 5. gr.

#### 6. gr.

„Lokatilkynning“ í viðauka II orðist svo:

#### LOKATILKYNNING

Atriði:	Kóði:	Tegund:	Mesta lengd:	Form:	Athugasemdir:
Upphaf skeytis	SR				<i>Kerfisupplýsingar:</i> Gefa til kynna upphaf skeytisins.
Viðtakandi	AD	Texti	3	ISO-3166	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Viðtakandi „ISL“ fyrir Ísland.
Númer skeytis	SQ	Tala	6	1 - 999999	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Raðnúmer skeytisins vegna veiða á viðeigandi svæði á yfirstandandi ári.
Tegund skeytis	TM	Texti	3	Kóði	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Tegund skeytis „COX“ sem lokatilkynning.
Viðeigandi svæði	ZO	Texti	3	Kóði	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Kóði fyrir það svæði sem verið er að fara út af „ISL“ fyrir íslenska lögsögu. „NEA“ fyrir NEAFC-samningssvæðið. „GRL“ fyrir fiskveiðilögsögu Grænlands.
Deilisvæði	RA	Texti	6	Kóði	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Kóði fyrir það svæði sem verið er að fara út af „RCA“ eða „XRR“
Kallmerki	RC	Texti	7	IRCS kóði	<i>Skráningarupplýsingar:</i> Radiókallmerki skipsins.
Númer veiðiferðar	TN	Tala	3	001 - 999	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Raðnúmer veiðiferðar á yfirstandandi ári.
Lengd <sup>1)</sup>	LA	Texti	5	NDDMM (WGS-84)	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Breidd <sup>1)</sup>	LO	Texti	6	E/WDDDDMM (WGS-84)	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Daglegur afli	CA	Texti	3	Tegundakóði FAO	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Sundurlíðaður afli frá síðasta skeyti. (//CA/COD 2300 HAD 1700 RED 5500)
Tegund Magn		Tala	7	0 - 9999999	Tegundakóði FAO. Aflamagn upp úr sjó í kg, fært að næstu 100 kg. Sé engan afla að tilkynna skal senda „MZZ=0“.
Veiðidagar	DF	Tala	3	1 - 365	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Fjöldi veiðidaga á samningssvæðinu frá upphafi veiða eða frá síðustu aflatilkynningu <sup>5</sup> .

<sup>4</sup> Fjöldi veiðidaga skal að jafnaði vera frá síðustu aflatilkynningu, en frá upphafi veiða ef þetta er fyrsta tilkynning um afla.

Atriði:	Kóði:	Tegund:	Mesta lengd:	Form:	Athugasemdir:
Löndunarhöfn	PO	Texti	20		<i>Athafnaupplýsingar:</i> Höfn þar sem áætlað er að landa aflanum.
Dagur	DA	Tala	8	ÁÁÁÁMMDD	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Dagsetning sendingar.
Tími	TI	Tala	4	KKMM	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Tími sendingar.
Endir skeytis	ER				<i>Kerfisupplýsingar:</i> Gefa til kynna endi skeytisins.

1) Valfjáls ef skipið er í sjálfvirku gervihnattaeftirliti samkvæmt 5. gr.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum og lögum nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 19. desember 2013.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Kristján Freyr Helgason.**

*Baldur P. Erlingsson.*

\_\_\_\_\_

B-deild – Útgáfud.: 27. desember 2013

---

<sup>5</sup> Fjöldi veiðidaga skal að jafnaði vera frá síðustu aflatilkynningu, en frá upphafi veiða ef þetta er fyrsta tilkynning um afla.